


Vinnuskólinn í Hafnarfirði

Sumarið 2019



Inngangur

Markmið Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarstarfsins er að tryggja börnum, unglingum og ungu fólki fjölbreytt sumarverkefni sem nær til allra ungmenna 13 – 17 ára og fullorðinna 18 ára og eldri.

Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans og er starfsemin afar fjölbreytt.

Vinnuskólinn er fyrir ungmenni sem lokið hafa 8. bekk og uppúr en vinnuskólinn lofar öllum hafnafirskum ungmennum frá fjórtánda aldursári að sautjándra aldursári sumarvinnu. Meginþorri þeirra vinna í almennum vinnuhópum en einhverjir vinna hjá íþróttafélögum, leikskólum, skógrækt og fleira.

Einnig er boðið upp á sumarvinnu fyrir ungmenni 18 ára og eldri sem vinna t.d. hjá íþróttafélögum, flokkstjóri yfir almennum hópi, slætti, viðhaldsverkefnum, garðyrkju og hjá stofnunum bæjarins.

Sumarstarfsemi á vegum Vinnuskólans er svo gæsluvöllurinn Róló, fjölskyldugarðar og Tómstund. Á fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir 255 milljónum til rekstrarins.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar var starfræktur á tímabilinu 20. maí – 16. ágúst.

Skrifstofa Vinnuskólans er að Hrauntungu 5. Þar starfa skólastjóri auk fimm annarra starfsmanna sem sjá um daglegan rekstur, samskipti við leiðbeinendur, unga starfsmenn og foreldra þeirra.

Í höfuðstöðvunum að Hrauntungu er aðstaða fyrir starfsmenn til að sinna skrifstofuvinnu, starfsmenn hafa aðgang að eldhúsi og litlum matsal auk þess eru þar verkfæralager og skemma fyrir slátturbíla.

Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á hvernig til tókst að reka starfsemina sumarið 2019 og vekja athygli á álitamálum og framþróunarverkefnum tengdum sumarstarfinu.

Ráðningar og undirbúningur starfsfólks

Á skrifstofu Vinnuskólans var ráðinn forstöðumaður, tveir starfsmenn á skrifstofu ásamt þremur yfirflokktjórum. Tveir yfirflokktjórar sem sáu um almenna hópá og sérhópa og svo miðbæjarstjóri (sem einnig telst til yfirflokktjóra) en hann sá um hópá sem voru að störfum í miðbænum og í Hellsgerði.

Störf flokktjóra og leiðbeinenda hjá Vinnuskólanum voru auglýst til umsóknar snemma í ár og var opið fyrir umsóknir þann 20. janúar og var opið fyrir umsóknir til 21. febrúar. Umsóknarfrestur var síðan framlengdur í tvígang, fyrst til 14. mars og síðan 28. mars. Vinna við úrvinnslu umsókna hófst um leið og fyrri umsóknarfrestur rann út og viðtöl hófust í kjölfarið.

Reynsla síðustu tveggja ára sýnir okkur að nauðsynlegt er að byrja ráðningaferlið svona snemma til að fá öflugan starfsmann í flokktjórastöður en í ár líkt og í fyrra fengum við afbragðs starfsfólk til að sinna þessum hópum. Ráðningarviðtöl við flokktjóra og þá sem sáu um sérhópa eins og Jafningjafræðslu umhverfis- og Listahóp voru tekin og kröfur voru gerðar varðandi aldur og hæfni sem starfsfólk þyrfti að uppfylla til að geta stýrt svona hópum. Sjá má um sérhópána aftar í skýrslunni.



Flestir starfsmenn hófu störf þann 3. júní og var fyrsta vikan einkum notuð í undirbúning og fræðslu fyrir starfsfólk. Meðal þess sem tekið var fyrir var skyndihjálpar, umhverfis- og forvarnafræðsla, samskipti við börn og unglinga, verkstjórn fyrir unga stjórnendur, verkleg kennsla, hópefli, líkamsbeiting o.fl. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk mæti á námskeiðin enda eru þau hluti af starfinu. Öllum 18 ára og eldri sem ekki fengu vinnu hjá Vinnuskólanum sumarið 2019 var sendur höfnunarpóstur.

Starfsmenn 18 ára og eldri			
	2019	2018	2017
Fjöldi umsókna	380	382	445
Ráðnir inn	237	313	313

	Fjöldi	
21 árs og eldri	1998-	95
20 ára	1999	48
19 ára	2000	44
18 ára	2001	50
17 ára	2002	95
		332

Þrjú starfsmenn sinntu stöðu yfirflokktjóra (þar með talinn Miðbæjarstjórinn) og fengu þau öll sitt svæði og sína hópá til að sjá um. Hvert svæði telur jafnan almenna vinnuhópá, íþróttafélög, skógrækt, Róló, Tómsundur og sérhópa en sjá má ítarlegra um þá hópá síðar í skýrslunni. Þetta gerir

Það að verkum að minna er af akstri hjá yfirflokkstjórum og betur er haldið utan um hvert svæði fyrir sig.

Við úrvinnslu umsókna var unnið út frá ráðningareglum Vinnuskólans sem voru uppfærðar og samþykktar af Íþróttá – og tómstundanefnd 6. febrúar 2019.

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2019

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verði auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum rafrænt ráðningaform á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hafnarfjarðar Hrauntungu 5.
2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 20. janúar og tekið verði við umsóknum frá 20. janúar til 21. febrúar 2019. Í kjölfarið er möguleiki á framlengingu umsóknarfrests.
3. **Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur, nema frestur sé framlengdur.**
4. Ráðningartími fyrir flest störfin er um 6-8 vikur. Fyrir 18 – 20 ára er unnið í um 238 klst. en ca. 5-6 vikur fyrir 17 ára og starfar sá hópur samtals í um 220 klst. 21 árs og eldri starfa í um 290 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumaratvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og/eða umhverfi og framkvæmda við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og umhverfis- og framkvæmdasviðs ráða inn sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga ráða þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.

Ráðningakerfi

Vinnuskólinn notast við ráðningakerfi sem nefnist H3 sem Hafnarfjarðarbær tók upp árið 2016. Allar umsóknir fara þar í gegn óháð aldri. Allir starfsmenn voru færðir úr H3 yfir í Vinnustund sem er vinnustundaskráningarkerfi og gekk það mjög vel.

Umsóknarferli unglunga

Auglýstur umsóknarfrestur var frá 2. maí – 15. maí en var svo framlengdur til 21. maí til að mæta þörfum foreldra og ungmenna. Tölvupóstur með leiðbeiningum um umsóknarferlið var sendur út í gegnum Mentor bæði á foreldra og ungmennin sjálf og virtist það hafa skilað sér mjög vel.

Ekki hefur tíðkast að vísa unglingum frá Vinnuskólanum þó svo að komið sé fram yfir umsóknarfrest en mikil áhersla er lögð á að virða umsóknarfrest í kynningu á sumarstörfum.

Á umsókninni er valmöguleiki fyrir unglunga til að sækja um störf í sérhópa sem eru á okkar vegum t.d. Listahóp,- Jafningjafræðslu- og fleira. Þetta var með sama sniði og í fyrra og gátu einungis þeir sem voru að ljúka 10. bekk valið. Þessi breyting var gerð árið 2018 til að mæta þessum aldri en hlutfallslega er þetta lang fámennasti aldurinn og þeir yngri fá þá tækifæri síðar meir.

Hlutfall og fjöldi unglunga og annarra starfsmanna

Tafla 1 – Fjöldi unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2019

Fjöldi í skólum Hafnarfjarðar hlutfall (%) unglunga

	2019			2018		
	Fjöldi í Vinnuskóla	Heildarfjöldi í grunnskólum HFJ	%	Fjöldi í Vinnuskóla	Heildarfjöldi í grunnskólum HFJ	%
8. bekkur/2005	252	367	69%	328	414	79%
9. bekkur/2004	279	397	70%	236	383	62%
10. bekkur/2003	136	341	40%	140	364	38%
Samtals	667	1105		704	1161	

Vinnustundir og laun unglunga

Tímafjöldi ungmenna er ákveðin á hverju ári og bauðst ungmennum að vinna fleiri tíma í ár en í fyrra.

	Fjöldi tíma í boði 2019	Fjöldi tíma í boði 2018
10. bekkur/2003	123	112
9. bekkur/2004	101	92
8. bekkur/2005	79	72

Algenzt er að ungmennin nýti tímana sína ekki að fullu þar sem algenzt er að þau fari í leyfi yfir starfstíma Vinnuskólans, reynt er að koma til móts við þau ungmenni sem eftir því óska að vinna bæði fyrir og hádegi til að fylla í tímana sína. Meðalfjöldi unninna tíma hjá ungmennunum er því sem hér segir:

	Árgangur	Fjöldi	Fjöldi tíma í boði	Meðalfjöldi unninna tíma	%
10. bekkur	2003	136	123	106	86%
9. bekkur	2004	279	101	82	81%
8. bekkur	2005	252	79	57	72%

Skipulag vinnunnar var þannig að unglingar á aldrinum 14 til 16 ára unnu allir þrjá tíma á dag fjóra daga vikunnar. Unglingarnir unnu aðra vikuna frá kl. 9:00 – 12:00 og svo hina vikuna frá 13:00 – 16:00. Vinnustundir voru því samtals 12 á viku. 9. og 10. bekkur gátu svo unnið upp í sína tíma með því að vinna einhverja daga allan daginn. Tímabilið í sumar var frá 11. júní – 25. júlí og varð sú breyting í ár með auknum tímafjölda ungmenna að tímabilið var 7 vikur í staðin fyrir 6 vikur eins og síðustu ár.

Undanfarin ár hefur Vinnuskólinn efnt til keppni. Hún fellst í því að hver hópur tekur fyrir og eftir myndir af ákveðnu svæði. Í lok hverrar vinnuviku er svo valið úr



hvaða hópur stóð sig best og fær sá hópur pizzuveislu.

Nokkuð stór hluti af elstu árgöngunum störfuðu hjá þriðja aðila (íþróttafélögum og stofnunum eins og t.d. leikskólum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar, en reynt var að gæta þess að heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir leyfilegan tímafjölda hjá unglíngunum sem og öðrum starfsmönnum félaganna, auk þess var tryggt að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við lög og reglur um vinnu barna og unglínga. Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:30 og 9:40 fyrir hádegi og 14:30 og 14:40 eftir hádegi.

Tekjumöguleikar unglínga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2019

16 ára unglíngar voru með 835,17.- kr. á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá

getur hann unnið sér inn 113.173.- kr.

15 ára unglíngar voru með 626,99.- kr. á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn rúmlega 69.766.- kr.

14 ára unglíngar voru með 554,99.- kr. á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá

getur hann unnið sér inn um 48,303.- kr.

	Tímakaup	Laun	Laun + orlof
10. bekkur/2003	835 kr	102.726 kr	113.173 kr
9. bekkur/2004	627 kr	63.326 kr	69.766 kr
8. bekkur/2005	555 kr	43.844 kr	48.303 kr

Almennir vinnuhópar

Almennir hópar gerðu út frá öllum grunnskólum Hafnarfjarðar að undanskyldum Engidalsskóla, Skarðshlíðarskóla og NÚ skólanum. Krökkunum var raðað í hópa eftir hverfum og unnu þau út frá sínum skólum. Hóparnir voru alls 17 talsins, þrjú stórir í Hraunvallaskóla og svo tveir hópar í öðrum skólum bæjarins. Lang fjölmennast var í Hraunvallaskóla í ár, líkt og síðustu ár, eða samtals um 96 unglíngar þegar mest lét. Sökum gríðalegs fjölda voru þrjú flokkstjórar með hópana þrjú í Hraunvallaskóla og hefðu síst mátt vera færri miðað við fjölda unglínga en það leystist með tilkomu aðstoðarflokkstjóra sem bættist við hópin þegar leið á sumarið.

Sumarið 2018 voru ráðnir inn 15 flokkstjórar og enginn aðstoðarflokkstjóri en í ár voru ráðnir inn 14 flokkstjórar og sex aðstoðarflokkstjórar og reyndist það mjög vel. Það þarf alltaf að vera að minnsta kosti einn flokkstjóri með hóp og tókst vel til að hafa einn aðstoðarflokkstjóra með. Mannað var þannig í hópanna að yfirleitt voru tveir flokkstjórar/aðstoðarflokkstjórar með hvern vinnuhóp og þeir hópar sem voru stærri höfðu 3-4 flokkstjóra/aðstoðarflokkstjóra. Alltaf var þó einn eða fleiri 21 árs og eldri í hverjum hóp. Ef upp komu forföll hjá flokkstjórum þá var hægt flokkstjóra úr öðrum vinnuhóp til að hlaupa í skarðið án þess að vandamál skapaðist með aðra hópa.

Miðbæjarstjóri

Árið 2018 varð til nýtt starf á vegum Vinnuskólans en það bar heitið miðbæjarstjóri. Verkefnið var að ósk fyrri bæjarstjóra Haraldar L. Haraldssonar og reyndist það svo vel að ákveðið var að halda því áfram.

Hlutverk miðbæjarstjórans var að halda utan um verkefni í miðbænum og í nánasta umhverfi hans. Hans helsta ábyrgð var að stýra morgunhópunum og flokkstjórum þeirra auk hópsins sem starfar í Hellisgerði.

Miðbæjarstjórinn var að störfum frá byrjun maí til 13. ágúst og var það sami aðili sem gegndi þeirri stöðu árið 2018. Hann var með í að undirbúa Vinnuskólann fyrir sumarið í ár og kom því snemma til starfa. Hann taldist til yfirflokkstjóra Vinnuskólans og sat því daglega fundi í Vinnuskólanum í lok dags. Þrátt fyrir að vera bundinn mikið í miðbænum þá tók hann virkan þátt í starfsemi Vinnuskólans og vann náði með yfirflokkstjórum og öðrum starfsmönnum Vinnuskólans. Hann hljóp í skarðið ef einhvern vantaði og vann með yfirflokkstjórum og flokkstjórum alla föstudaga í garð- og viðhaldsvinnu ásamt því að halda utan um störfin í miðbænum.

Morgunhópur

Öllum ungmennum í Hafnarfirði á sautjándra ári var boðin vinna hjá Vinnuskólanum og engum hafnað. Það hefur verið þannig frá árinu 2015 en það er stefna Vinnuskólans að öll börn 17 ára og yngri séu með örugga vinnu yfir sumartímenn. Ákveðið var að



halda áfram sama fyrirkomulagi og undanfarin sumur þ.e. að hafa öflugan hóp 17 ára ungmenna í miðbænum sem unnu alla virka daga frá kl 6:00 – 11:00.

Morgunhópurinn starfaði aðeins í miðbænum og í nágrenni hans. Hópurinn sá meðal annars um ruslahreinsun, að tæma ruslafötur, halda tjörnum hreinum og viðhalda helstu verkefnum miðbæjarins líkt og beðum og þess háttar. Þessi hópur hefur verið ómissandi í miðbænum og þegar mest lét voru 42 manns að störfum með einn flokkstjóra og einn aðstoðarflokkstjóra.

Fjölskyldugarðar Hafnarfjarðar

Árið 2017 var skólagörðum breytt í fjölskyldugarða og þeim fækkað í tvo úr fimm. Fyrsta árið voru starfsmenn að störfum að degi til en raunin var sú að þeir nýttust lítið þar sem leigjendur garðana voru að koma seinnipart og um helgar. Því var ákveðið að minnka við þjónustuna og lækka þá leiguverð á garði en hann fór úr 5000 kr. í 1500 kr. Í ár voru því engir fastir starfsmenn í görðunum en verkfæri og áhöld voru við hvorn garð ásamt ræktunarleiðbeiningum sem leigjendur gátu nýtt sér. Úthlutun hófst á Víðistöðum 15. maí. Ákveðið var að reyna að fylla þann garð áður en garðurinn á Öldum yrði tekinn í notkun. Það gekk ekki eftir þar sem eftirspurn var það mikil í garðana á Öldum og því var hann plægður í lok maí og úthlutun hófst í kjölfarið. Í heildina seldust 99 garðar en alls ekki allir nýttu garðana sem þeir tóku á leigu.



Fjölskyldugarðar		
	2019	2018
Víðistaðatún	60	17
Öldugata	39	51
Samtals	99	68

Tómstund

Tómstund heldur úti námskeiðum á sumrin fyrir börn sem eru að ljúka 4.-7. bekk. Helstu markmið
Tómstundar eru að virkja börn í sumarfríinu, gefa þeim tækifæri á að hitta önnur börn, kynnast
nýjum og áhugaverðum viðfangsefnum og endurvekja jafnvel gömul áhugamál.

Tómstund var á tveimur stöðum, Víðistaðaskóla og Hraunvallaskóla. Í ár komu deildarstjórar
frístundar (í hvorum skóla fyrir sig) mikið að starfinu en stefnt er að því að Tómstund færist frá
Vinnuskólanum yfir í skólana og verði á vegum þeirra líkt og leikjanámskeiðin. Fyrirkomulagið var
með svipuðu móti og síðustu ár. Opið var frá kl. 9-12 og 13-16 en einnig var starfsmaður frá kl. 12:00-
13:00 til að mæta þörfum þeirra barna sem búa langt frá og hafa ekki tök á því að fara heim í
hádegginu.

Tómstund var skipt í tvö tímabil, tvær vikur í senn eða frá 11. júní - 21. júní og svo frá 24. júní - 5. Júlí.
Oftast voru tvö námskeið fyrir hádegi og tvö námskeið eftir hádegi
og reynt var eftir fremsta megni að hafa fjölbreytt námskeið á
hverjum tíma.

Á fyrra tímabilinu voru 60 börn skráð í Víðistaðaskóla og 53 börn
skráð í Hraunvallaskóla.

Á seinna tímabilinu voru 60 börn skráð í Víðistaðaskóla og 49 börn
skráð í Hraunvallaskóla en þetta er mikil aukning frá því árinu
áður.

DAGSKRÁ TÓMSTUNDAR 2019	
VIKA 1 11. JÚNÍ - 14. JÚNÍ	VIKA 2 18. JÚNÍ - 21. JÚNÍ
- SPILAVIKA - LISTASMÍÐJA	- VEIDINÁMSKEIÐ - MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ
VIKA 3 24. JÚNÍ - 28. JÚNÍ	VIKA 4 1. JÚLÍ - 5. JÚLÍ
- RAFIÞRÓTTA- OG ÍBRÓTTNÁMSKEIÐ - HÖNNUNARVIKA	- BOLTANÁMSKEIÐ - GALDRA- OG LARPNÁMSKEIÐ

Tafla 5 Fjöldi í Tómstund 2019

Tómstund Víðistaðaskóla	120
Tómstund Hraunvallaskóla	102
Samtals	222
2018	
Tómstund Öldutúnsskóla	82
Tómstund Hraunvallaskóla	55
Samtals	137

NÁNAR UM DAGSKRÁNA

SPILAVIKA - VARÚLFUR, MONOPOLY, MENNSKA
VÍSSENDINGIN OG FLÆRA Í BÓDI.
LISTASMÍÐJA - LISTAFÖLK ATHUGIÐ BODIÐ
VEIÐUR UPP Á KARKÓ, TÓNLISTARGERÐ,
LEIKRITAGERÐ OG FLÆRA.
VEIDINÁMSKEIÐ - VIÐ MUNUM LÆRA HELSTU
VEIÐI TRÖX-ÍN OG ÆFA OKKUR FYRIR
DÖRÓVEIÐIKEPPI HAFNARFJARDAR.
MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ - MASTER CHEF, NAILED
IT OG POPPÓBÉ.
RAFIÞRÓTTA- OG ÍBRÓTTANÁMSKEIÐ -
ERT HÚ SNILLINGUR Í TÖLVULEIKJUM? HÁ GETUR
HÚ TEKIÐ HÁTT Í RAFIÞRÓTTA NÁMSKEIÐINU
OKKAR ÞAR SEM VIÐ MUNUM BLANDA SAMAN
TÖLVULEIKJASÍÐINGIN OG HREYTINGU Á
ÍBRÓTTANÁMSKEIÐINU MUNUM VIÐ LÆRA
FRAMANDI NYJAR ÍBRÓTTIR TIL AÐ NEFNA
FRÍSSÍ GOLF.
HÖNNUNARVIKA - VIÐ MUNUM HANNA
OKKAR EIGN, BÓLI, TÍE DYE OG BOLA
STENSL FÖR.
GALDRA- OG LARPNÁMSKEIÐ -
TOHRA TENNISUR, GALDRAR OG
GALDRAGLAF, LARPI, HELLIVERRA- OG
ÆVINTÝRA SKOPIUNARCLEIÐ!
BOLTANÁMSKEIÐ - MENNSKI,
FOTBÓL TASPI, SKÓTBÓLTI, PÓGGI, BANDI
OG FLÆRA.
ÖVENT FOSTUDAGSFJÖR - ALLA
FOSTUDAGA MUNUM VIÐ HAVA ÖVENT
FOSTUDAGSFJÖR SEM MUN KOMA SPÉLLT
Á ÖVART.

Þjónustusamningar við Íþróttafélög

Þjónustusamningar við öll félög sem fá úthlutað starfsmönnum á vegum Vinnuskólans voru
endurnýjaðir og undirritaðir í sumar. Ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin er að tryggja að
allir starfsmenn á vegum Vinnuskólans séu með sömu réttindi og skyldur til námskeiðahalds,
tryggingamála, tímakvóta og svo framvegis. Einnig er mjög jákvæð þróun að hafa alla þessa samninga
uppi á borðinu.

Ákvörðun um tímamagn til íþróttafélaga er endurskoðuð á hverju ári með hliðsjónar til
fjárhagsáætlunar.

Íþróttafélögin fengu 10% hækkun á tímafjölda unglunga í ár.

Róló á leikskólanum Hvammi

Gæsluvöllurinn Róló var staðsettur á nýjum stað í ár, á leikskólanum Hvammi. Aðstaðan þar var
virkilega góð fyrir þessa starfsemi þar sem hægt er að skipta lóðinni fyrir eldri og yngri börn án þess
að starfsmenn missi sjónar af þeim.

Opið var frá kl. 9:00 – 12:00 og 13:00 –

16:00. Klippikort var hægt að kaupa í
gegnum „mínar síður“ á

www.hafnarfjordur.is bæði var hægt að

kaupa 5 og 10 skipta kort. Boðið var upp á
ávexti eða



grænmeti í millimál þar sem ekki var í boði að koma með sitt eigið nesti að heiman. Róló er hugsaður sem eins til þriggja tíma afþreying fyrir yngstu börnin meðan leikskólarnir eru lokaðir en koma þó ekki í stað leikskóla. Ekki er í boði að nýta plássið bæði fyrir og eftir hádegi sama dag nema sérstakar ástæður liggja fyrir. Róló var opinn frá 11. júlí – 8. ágúst. Aukin sala var á klippikortum á Róló í ár samanborið við árið 2018 en að meðaltali voru 27 börn á dag á Róló í ár.

Tafla 6 - Aðsókn á Róló

Róló 2019

5 skipta kort 72

10 skipta kort 45

Róló 2018

5 skipta kort 39

10 skipta kort 31

Verkfærageymslur

Umsjónamenn fasteigna í hverjum grunnskóla sem vinnuhópar gerðu út frá, lánuðu vinnuskólanum geymslur til að geyma verkfæri í svo ekki þurfti að flytja þau daglega á verkstað.

Þetta samstarf hefur verið síðastliðin ár og hefur gengið mjög vel. Skarðshlíðarskóli bættist við í ár en vinnuhópar á völlum nýttu geymsluna þar ekki að þessu sinni.

Hóparnir úr Víðistaðaskóla og Nú skólanum sem eru hvað næst Vinnuskólanum gera einfaldlega út frá Vinnuskólanum sjálfum og þurfa því ekki geymslur í þessum skólum. Ungmenni í vinnuhópum hafa í gegnum tíðina fengið að nýta salernin hjá leikjanámskeiðum í hverjum skóla ef þess þarf og í flestum tilvikum fengið að borða nestið á ganginum ef veður er slæmt. Í ár var engin þörf á að borða nestið inni þar sem veðurbliðan var allsráðandi.

Mikilvægt er þó að þetta haldist áfram þar sem ekki má búast við að svona veðurfar verði á hverju sumri.

Samstarf við Umhverfis- og skipulagssvið

Allar ráðningar á sumarstarfsfólki Vinnuskólans og umhverfis- og skipulagssviðs fara í gegnum Vinnuskólann. Þannig fara allir starfsmenn í gegnum sama kerfi. Vinnuskólinn flokkaði og hélt utan um allar umsóknir fyrir garðyrkjustjóra og íþróttafélög.

Unnið var með Umhverfis- og skipulagssviði að því að fara yfir helstu verkefni sumarsins. Skólastjóri vinnuskólans, yfirflokstjorar, miðbæjarstjóri, garðyrkjustjóri og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar héldu daglega fundi í lok hvers dags og forgangsröðuðu verkefnum

eftir mikilvægi, því að ekki næst að klára öll verkefni sumarsins sem Vinnuskólanum er falið að sjá um. Síðustu tvö sumur hefur þó verið útboð í sláttur, trjá- og runnaklippingar ásamt beðahreinsunum á stofngötum bæjarins til að reyna að komast yfir sem mest í bæjarfélaginu. Í ár, líkt og í fyrra, sá Vinnuskólinn alfarið um laun starfsmanna slátturs- viðhalds- og blómahóps og var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun Vinnuskólans. Allt annað sem tilheyrir þessum hópum líkt og tækjakaup, vinnuskór ofl. tilheyrir Umhverfis- og skipulagssviði enn sem komið er.

Sérhópar

Hellisgerðishópur

Þetta var samstarfsverkefni Vinnuskólans og garðyrkjustjóra eins og áður. Þarna eru þrír til fimm starfsmenn í fullri vinnu sem sinna almennu viðhaldi í Hellisgerði.



Leitast er við að hafa þessa starfsmenn 18 ára eða eldri svo þeir geti gengið í öll störf eins og sláttur og fleira. Flokkstjóri er yfir þessum hópi en ætlunin er að hópurinn geti bjargað sér sjálfur með leiðsögn miðbæjarstjóra ef svo ber við. Þetta er verkefni sem vert er að halda áfram með næstu ár enda 100 ára afmælisár garðsins á næsta leiti.

Competó – Jafningjafræðsla

Í Jafningjafræðslunni í ár störfuðu einn flokkstjóri, tveir aðstoðarflokkstjórar ásamt fimm „fræðurum“



Fræðarar eru þeir sem fræða ungmennin um ýmis málefni sem varða ungt fólk og eru í brennidepli að hverju sinni. Fræðaranir eru á aldrinum 15-17 ára.

Hópurinn fær til sín ungmenni í almennum vinnuhópum úr 8. – 10. bekk og fer hver vinnuhópur í eina þriggja tíma fræðslu yfir sumarið.

Áherslur Jafningjafræðslunnar í ár var um karlmenskuna, sjúka ást, umhverfisfræðslu og hvernig hægt er að styrkja sjálfsmynd sína svo eitthvað sé nefnt. Hugmyndafræði Jafningjafræðslunnar er í stuttu máli sú að “ungur fræðir ungan.”

Fræðslan sjálf er gagnvirk og unnin á jafnréttisgrundvelli af ungmennum sem sjálf eru á svipaðri bylgjulengd og hafa svipaðan reynsluheim og ungmennin sem þau fræða.

Listahópur

Á sumrin er starfandi listahópur á vegum Vinnuskólans. Listahópurinn er leiklistahópur sem samanstendur af ungmennum úr 9.-10. bekk sem komust í gegnum áheyrnarprufur í byrjun sumars. Prufurnar tóku flokkstjórar hópsins og að þessu sinni voru 15 krakkar valin í hópinn, 3 strákar og 12 stelpur. Hópurinn sinnti ýmsum skylduverkefnum eins og að vera með skemmtiatriði á 17. Júní, móttöku skemmtiferðaskipa sem leggja við höfnina, álfaskemmtun í Hellisgerði á Jónsmessunótt auk annarra skemmtana í bænum sem boðið var uppá og voru þau með leikþætti og uppákomur sem glöddu bæjarbúa og gesti sveitafélagsins.

Umhverfishópur

Í ár var endurvakinn umhverfishópur en hann var síðast að störfum sumarið 2015.



Umhverfishópurinn hafði það að markmiði að endurheimta Grænfánann sem Vinnuskólinn fékk sumarið 2015. Markmið hópsins var einnig að vekja aðra til umhugsunar um umhverfismál en þau eru nú í brennidepli í samfélaginu. Hópurinn samanstóð af einum flokkstjóra, einum aðstoðarflokkstjóra og sjö ungmennum úr 9. og 10. bekk grunnskóla. Hópurinn fékk til sín hópa úr 8. – 10. bekk sem voru að störfum í almennum vinnuhópum og fræddu þau um umhverfismál eins og hlýnun jarðar, flokkun úrgangs, matarsóun, fatasóun og fleira. Fræðslan var með svipuðu sniði og jafningjafræðslan gerir þ. e. hugsunin „ungur fræðir ungan“ og virkaði það mjög vel. Hópurinn fór í heimsóknir til ýmissa fyrirtækja í bænum sem gefa sig út fyrir að vera umhverfisvæn og kynntu sér hvað þau væru að gera í umhverfismálum. Þau heimsóttu mótuneyti bæjarstarfsmanna og

fræddu þar starfsmenn bæjarins á hinum ýmsu sviðum um umhverfismál. Mikilvægt er að þessi hópur muni starfa áfram til að tryggja að Vinnuskólinn verði áfram „skóli á grænni grein“. Markmið hópsins náðist þetta sumarið og munu starfsmenn Vinnuskólans stoltir flagga grænfánum sumarið 2020.

Verkherinn

Nú í sumar var í áttunda sinn starfrækt atvinnutengt frístundaúrræði fyrir ungmenni með fatlanir 16-20 ára á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Húsinu Suðurgötu 14. Starfið gengur undir nafninu „Verkherinn“. Markmið starfsins var tvíþætt en annars vegar fengu ungmennin tækifæri til þess að spreyta sig við hin ýmsu störf með þeim stuðningi sem hver og einn þarfnaðist og hins vegar að efla og ýta undir félagsleg tengsl þeirra á milli og út í samfélagið.

Í sumar, líkt og síðastliðin sumur, tók Verkherinn á móti ungmennum á aldrinum 15-16 ára, það var gert að ósk Vinnuskólans og félagsþjónustunnar. Þetta voru ungmenni sem þóssuðu ekki í önnur úrræði hjá sveitafélaginu.

Verkherinn var með tvo vinnustaði þetta sumarið en það var pósturinn og svo Krambúðin sem staðsett er í verslunarmiðstöðinni Firði. Einnig voru nokkur verkefni sem unnin voru á staðnum eins og að helluleggja fyrir framan Húsið í samvinnu við framkvæmdarsvið, garð- og smíðavinna og grænmetisræktun. Einnig voru ný verkefni innanhúss en þau voru að elda mat í mótuneyti Hússins, bílavakt sem sá til þess að koma einstaklingum á vinnustaði og svo móttakan en þau sáu um að svara í síma og miðla að upplýsingum á milli hæða. Frístundaúrræði eftir hádegi var misvel sótt og gjarnan af þeim sömu. Aukning var þó frá því í fyrra og ungmennin almennt ánægð í Húsinu.

Tímabil Verkhersins var 11 vikur og bauðst 18 ára og eldri að vinna í 8 vikur eða 160 klst. og yngri hópnum að vinna 6 vikur eða 120 klst. á þessu 11 vikna tímabili.

Tafla 7 - Verkherinn

Verkherinn	Sumar 2014	Sumar 2015	Sumar 2016	Sumar 2017	Sumar 2018	Sumar 2019
Fjöldi notenda	17	21	25	23	24	29
Fjöldi notenda sem eru Hafnfirðingar	18	17	20	23	21	22
Meðalfjöldi þjónustunotenda á dag	10-14	13-14	13-16	16-18	16-18	20
Tímalengd úrræðis	8 vikur	8 vikur	8 vikur	10 vikur	12 vikur	11 vikur
Fjöldi starfsmanna	7	7-8	9	9	10	18
Fjöldi stöðugilda	7	7	7	9	10	10

17. júní

Að venju var aðkoma Vinnuskólans að framkvæmd og skipulagi 17. júní töluverð. Forstöðumaður Vinnuskólans og yfirflokkstjórnir þrjár skipa undirbúningshóp vegna þjóðhátíðardagsins ásamt íþrótt- og tómstundafulltrúa, fagstjóra frístundastarfs og rekstrarstjóra ÍTH en þau þrjú síðast



nefndu starfa öll á mennta- og lýðheilsusviði.

Helstu verkefni sem snúa að Vinnuskólanum er allt starfsmannahald og undirbúningur á uppsetningu hátíðar, skreytingar á hátíðarsvæðinu, lokunum í bænum á meðan hátíðin stendur yfir sem og lokanir vegna skrudgöngu, þríf á hátíðarsvæðinu og frágangur í lok dags. Þarna voru hátt í 60 starfsmenn á vegum Vinnuskólans að störfum frá morgni til hátíðarloka.

Hátíðin gekk mjög vel í ár, líkt og undanfarin ár og stóðu starfsmenn Vinnuskólans sig afar vel og kláruðu verkefni sín með miklum sóma.

Gleðigangan

Undanfari ár hefur Jafningjafræðslan tekið þátt í Gleðigöngunni eða Pride eins og hún er kölluð. Hópurinn hefur verið með skreyttan bíl í göngunni sjálfri, útbúið slagorð og verið með atriði á palli bílsins. Í ár ákvað Hafnarfjarðarbær að vera ekki með í göngunni sjálfri heldur að gera eitthvað áhugavert og eftirtektarvert í bæjarfélaginu sjálfu.

Hugmyndir frá Jafningjafræðslunni voru ekki af skornum skammti og komu meðal annars upp hugmyndir um að mála Linnestíginn í fánalitum hinseginfólks og að halda hinsegin kvöldopnun í ungmennahúsinu Hamrinum.

Samþykki fékkst fyrir hvoru tveggja og var listamaðurinn Ingvar Björn fengin til að útfæra listaverkið á Linnestíg og tókst það með eindæmum vel en Jafningjafræðslan og umhverfishópur Vinnuskólans hjálpuðu til við að mála og útfæra verkið.

Hinsegin kvöldopnun fór svo fram þann 15. ágúst en þar var verið að höfða til ungmenna á menntaskólaaldri og þar komu fram ýmsir listamenn með tónlistatriði, uppstand og dragshow. Mætingin var framar vonum og mættu yfir 60 gestir.



Sumarhátíð Vinnuskólans

Sumarhátíð Vinnuskólans er haldin ár hvert og er hún ætluð ungmendum sem starfa í almennum vinnuhópum og er þetta nokkurskonar uppskeruhátíð fyrir þau. Hátíðin var haldin á Hvaleyrarvatni



þann 18. júlí. Veðrið var með eindæmum gott en heiðskirt var og hitinn yfir 20°C. Um 300 ungmenni tóku þátt í hátíðinni og er það met fyrri ára. Ungmennin komu sér sjálf á svæðið en boðið var upp á margt að gera. Bátar frá siglingaklúbbnum vöktu þó mesta lukku ásamt grilluðu pylsunum og leikjunum sem farið var í. Umhverfishópurinn var með skiptifatamarkað en þar gátu ungmennin skipst á fötum eða keypt sér notaða flík á 100 kr. Dagurinn heppnaðist ótrúlega vel

og fóru ungmennin sátt og sæl heim í lok dags.

Til framtíðar

Vinnustund

Nauðsynlegt er að starfsmenn Vinnuskólans geti stimplað sig inn og út í vinnustund á sínum starfsstöðum. Það fer allt of mikill og dýrmætur tími í að flokkstjórar séu að leiðrétta sig í vinnustund í lok hvernar viku og fór oft hálfur dagurinn í það þar sem einungis 4 tölvur að jafnaði voru aðgengilegar. Einnig byrja skólastjóri og yfirflokkstjórar iðulega úti í bæ áður en þeir fara í Vinnuskólann til að stimla sig inn. Þetta þarf að breytast fyrir næsta ár.

Vinnutími flokkstjóra

Engir almennir vinnuhópar voru að störfum á föstudögum. Þá daga fóru flokkstjórar yfir tíma vikunnar og settu þá í vinnustund. Einnig unnu þau saman við ýmis verkefni sem voru of erfið fyrir yngstu



hópana. Þetta voru verkefni eins og að þökuleggja, mála, klippa tré og runna svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að flokkstjórar Vinnuskólans fái að lágmarki 7 stunda vinnudag. Eins og staðan var í sumar að þá unnu þau einungis 6,5 stundir á dag. Þegar leið á seinni hluta sumars að þá var breytt um vinnufyrirkomulag þannig að þau mættu 15 mín fyrir og luku vinnudeginum 15 mínútum seinna. Þetta reyndist ekki nógu vel og því þarf að hugsa þetta betur fyrir næsta sumar og finna leið svo hægt sé að hafa 7-8 stunda vinnudag fyrir þennan hóp. Einnig má skoða betur fjölda vikna sem yngstu hóparnir vinna en nú hefur verið aukning á vinnutímum fyrir þann aldur. Í sumar unnu þau 7 vikur í stað 6 og

ætti að vera auðvelt að fjölga vikum enn meira næsta sumar. Það gerir það líka að verkum að flokkstjórar eru með tryggja vinnu lengra inn í sumarið.

Fjölskyldugarðar

Töluvert fleiri garðar voru leigðir út í ár en í fyrra en veðrið í maí var með eindæmum gott. Áberandi var þó að stór hluti þeirra sem leigðu garða voru ekki að nýta sér þá og sóttu jafnvel ekki númerið sitt í Vinnuskólann. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að fólk kom með kvittun fyrir garði og fékk þá númer sem það setti niður í garðinn sem það valdi sér sjálf. Af þessum sökum voru garðarnir ekki nálægt því að vera fullnýttir. Óánægja var hjá einhverjum leigjendum í byrjun og óskað var eftir starfsfólki sem myndi leiðbeina og vökva jafnvel þegar fólk færi í frí. Ekki var farið að þeirri ósk en garðarnir eru hugsaðir sem sjálfbærir fjölskyldugarðar. Leigjendur fengu þó afnot af vatni, verkfærum og leiðbeiningum um gróðursetningu gænmetis. Sú hugmynd hefur komið upp að bæta við garði á völlum en samkvæmt þessu sumri ætti ekki að vera þörf á því. Ekki þó nema til að mæta þörfum þeirra sem búa á því svæði en þá þyrfti líka að endurskoða Setbergið og Holtið með það í huga.

Undirbúningur fyrir sumarið 2020

Undirbúningur Vinnuskólans þarf að eiga sér stað mjög snemma. Auglýsa þarf í janúar og byrja ráðningar strax og umsóknarfrestur rennur út til þess að reyna að grípa hæfasta fólkið. Hluti af þessum undirbúningsverkefnum yrði unnin af rekstrarstjóra ÍTH. Ráða verður starfsmann inn á skrifstofu Vinnuskólans sem allra fyrst og hefja leit sem fyrst að forstöðumanni og yfirflokkstjórum.

Húsnæði Vinnuskólans

Óvissa er með húsnæði Vinnuskólans 2020. Rífa átti húsið að Hrauntungu 5. fyrir sumarið 2019 og þökkuðu starfsfólk Vinnuskólans öllu niður að hausti 2018 til að hægt væri að flytja. Einhver seinkun var þó á framkvæmdum og var því Vinnuskólinn starfræktur þar aftur í ár. Sömu skilaboð komu nú í sumar og því er óvissa hvar Vinnuskólinn verður sumarið 2020. Starfsemin þarf að hafa pláss fyrir tvær skrifstofur, verkfæralager, skemmu fyrir slátturbíla, matsal og aðgengi að eldhúsi.

Skóli á grænni grein

Vinnuskóli Hafnarfjarðar varð fyrst skóli á grænni grein árið 2015. Lögð er áhersla á umhverfismál í öllum verkþáttum starfseminnar og unnið er að því skipta út bensínknúnum vélum yfir í rafhlöðuknúin. Nú í ár var endurnýjuð aðild okkar að grænfánanum og var það umhverfishópurinn sem vann það verkefni í samvinnu við starfsfólk Vinnuskólans. Mikilvægt er að hafa umhverfishóp á hverju sumri þar sem sækja þarf um aðild að grænfánanum árlega.

Fræðsla

Í sumar, líkt og í fyrrasumar, var boðið uppá fræðslu um hvernig lesa eigi launaseðla. Morgunhópurinn sem telur einungis 17 ára ungmenni fékk þessa fræðslu. Hópnum var boðið í morgunverð í mótuneyti bæjarstarfsmanna nokkrum dögum eftir fyrstu útborgun sumarsins. Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir helstu þætti launaseðilsins eins og grunnupplýsingar, taxta, lífeyrissjóð, mótframlag, stéttarfélag, persónuafslátt, orlof og fleira og hófust umræður í kjölfarið.

Lokaorð

Sumarstarfið gekk afar vel að mati stjórnenda. Allir flokkstjórar almennra hópa voru nýir og höfðu ekki unnið svona starf áður en stóðu sig flestir með eindæmum vel. Það var góð ákvörðun að ráða inn aðstoðarflokkstjóra en það minnkaði álagið á flokkstjóra þar sem sumir hverjir voru með mjög stóra hópa og gerði það líka að verkum að fleiri 18-20 ára fengu vinnu þetta sumarið.

Veðrið í sumar var einstaklega gott og auðveldaði það öllum vinnuna. Af nægu var að taka og hefur Vinnuskólinn ekki getað annað öllu því sem þarf að gera yfir sumarið. Boðið var út í stofnbrautir bæjarins með slátt, beðahreinsun og trjá- og runnaklippingar og létti það mikið á slátturhóp og almennum vinnuhópum.

Í sumar þurftu flokkstjórar að setja inn tímana fyrir unglíngana í vinnustund. Þetta fyrirkomulag var bæði tímafrekt og ruglingslegt og þurftu oftast en ekki að leiðrétta tímana eftir á. Einnig var tölvukosturinn mjög takmarkaður og þurftu starsmenn að hanga og bíða eftir að tölva lostnaði. Ef þetta fyrirkomulag á að haldast þarf að endurskoða hvernig á að útfæra þetta. Kannski er einföld lausn að hver og einn flokkstjóri sé með íþátt með netaðgangi þar sem hann getur fyllt tímana inn samdægurs þegar börnin mæta?. Einnig þurfa allir starfsmenn Vinnuskólans að undanskildum starfsmönnum skrifstofu að getað stimplað sig inn á öllum starfstöðvum bæjarins eins og aðrir sem starfa hjá bænum.

Annars gekk starfsemi sumarsins að öllu jöfnu vel fyrir sig og ekki skemmdi fyrir hvað veðrið var sólríkt og hlýtt.

Hafnarfirði 28. ágúst 2019

Bára Kristín Þorgeirsdóttir forstöðumaður Vinnuskólans